

REGLUR

um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu.

I. KAFLI

Hlutverk og starfsemi.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins vegna verkefna á sviði þróunarsamvinnu til íslenskra félagasamtaka og íslenskra fyrirtækja. Hér er átt við þróunarsamvinnu í víðum skilningi, þar með talið mannúðaraðstoð.

Markmiðið er að draga úr fátækt, bregðast við neyðarástandi og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í þróunarríkjum.

Þátttaka og samstarf ólíkra hagsmunaaðila í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð er grundvöllur þess að hægt sé að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á fullnægjandi hátt.

Við úthlutun og umsýslu styrkja er leitast við að tryggja jafnræði, hlutlægni, gagnsæi og gæta samkeppnissjónarmiða. Styrkveitingar skulu samræmast áherslum stjórnvalda um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, sbr. 6. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, ákvæðum 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, reglugerð um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018 og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.

Stuðningur við verkefni.

Styrkveitingum er ætlað að hvetja til þátttöku og framlags félagasamtaka sem og fyrirtækja til þróunarsamvinnu. Veittir eru styrkir til eftirtalinna verkefna:

- a. nýliðaverkefna félagasamtaka í þróunarsamvinnu og forkönnunarverkefna fyrirtækja,
- b. þróunarsamvinnuverkefna fyrirtækja,
- c. þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka,
- d. mannúðarverkefna félagasamtaka sem svara alþjóðlegu neyðarkalli hverju sinni,
- e. kynningar- og fræðsluverkefna.

Ráðuneytið getur gert rammamninga við félagasamtök um þróunarsamvinnu eða mannúðaraðstoð að undangenginni auglýsingu, sbr. 4. gr. Sá fjárhagsrammi sem rammamningar byggjast á tekur mið af fyrri úthlutunum og starfi samtakanna. Félagasamtök sem gert hafa rammamning við ráðuneytið eru ekki styrkhæf til stakra styrkja til sams konar verkefna og rammamningur nær til.

Frjálsum félagasamtökum, þ.m.t. landsnefndum stofnana Sameinuðu þjóðanna, er ekki heimilt að sækja um styrki til þróunar- eða mannúðarverkefna fyrir hönd stofnana Sameinuðu þjóðanna og styrkir af Íslands hálfu sem ætlaðir eru frjálsum félagasamtökum skulu ekki renna til reksturs stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðuneytið getur, í þeim tilgangi að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með stuðningi við þátttöku félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu, stofnað sjóði og ákvarðað þeim fjármuni til að úthluta til verkefna sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og sett sjóðunum sérstakar verklagsreglur.

3. gr.

Styrkhæfi.

Styrkir til þróunarsamvinnuverkefna skulu bundnir við framkvæmd í ríkjum á lista þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD-DAC) um viðtökulönd opinberrar þróunaraðstoðar, með áherslu á lág- og lágmillitekjuríki auk smáeyþróunarríkja.

Kynningar- og fræðsluverkefni skulu framkvæmd á Íslandi. Kynningar- og fræðsluverkefni eru ætluð til að auka þekkingu almennings á málaflokknum og efla þekkingu eða stofnanagetu umsækjenda í tengslum við þróunarsamvinnu.

Umsækjendur skulu, í samræmi við 8. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, sýna fram á að þeir uppfylli viðurkenndar kröfur alþjóðasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu, m.a. OECD-DAC, hvað varðar þekkingu, gæði tæknilegra lausna, almenna getu og fjárhagslega burði til að taka þátt í alþjóðlegum þróunarsamvinnuverkefnum.

Umsækjendur þurfa að uppfylla kröfur Ríkisendurskoðunar um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Styrkhæf félagasamtök skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019,
- b. ekki vera rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit),
- c. hafa sett sér lög og starfandi stjórn,
- d. félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins,
- e. hafa lagt fram staðfestan ársreikning.

Styrkhæf fyrirtæki skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Vera opinberlega skráð fyrirtæki sem ekki teljast ríkisaðilar, t.a.m. einstaklingsfyrirtæki, félög og sjálfseignarstofnanir,
- b. hafa starfað í a.m.k. eitt ár,
- c. hafa lagt fram staðfestan ársreikning,
- d. hafa lagt fram staðfest gögn um skil á opinberum gjöldum og lífeyrisgreiðslum,
- e. hafa samstarfsaðila í tilteknu þróunarlandi, en einnig geta fleiri samstarfsaðilar komið að verkefninu s.s. háskólar og félagasamtök,
- f. verkefnið tengist kjarnastarfsemi fyrirtækis,
- g. uppfylli skilyrði ríkisaðstoðarregluverks EES-samningsins um minniháttar aðstoð (e. de minimis) til fyrirtækja,
- h. staðfesting liggja fyrir um að fyrirtækið hafi það að markmiði í rekstri sínum að stuðla að ábyrgum viðskiptaháttum t.d. með aðild að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact), eða uppfylli önnur alþjóðleg viðmið um samfélagsábyrgð og ábyrga starfshætti.

II. KAFLI

Umsóknir og úthlutanir.

4. gr.

Auglýsingar.

Að jafnaði þrisvar á ári auglýsir utanríkisráðuneytið fyrirhugaðar styrkveitingar og kallar eftir umsóknum. Í auglýsingu skal gera grein fyrir fjárhæðunum sem í boði eru, hvernig umsóknum skuli háttað, umsóknarfresti, áætluðum afgreiðslutíma, úthlutunarreglum og verklagsreglum við úthlutun og hvernig unnt sé að nálgast þær.

Taka skal fram í auglýsingu að umsækjandi um styrk skuli lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun, auk þess að veita aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir þeim. Þá skal taka fram að einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði teknar til greina.

5. gr.

Umsóknir.

Öllum umsóknum skulu fylgja gögn sem staðfesta styrkhæfi umsækjanda skv. 3. gr. ásamt fylgiskjölum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru samkvæmt verklagsreglum sjóðanna.

6. gr.

Úthlutunarskilmálar.

Auk þeirra krafna sem gerðar eru til umsækjenda í 3. og 5. gr., og krafna sem byggjast á 8. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, gilda eftirtaldir úthlutunarskilmálar um styrkveitingar skv. reglum þessum:

- a. Verkefni skulu vera í samræmi við stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, einkum hvað varðar þverlæg málefni þ.e. jafnréttis- og umhverfismál ásamt því að vera mannréttindamiðuð,
- b. meginmarkmið verkefnisins skal vera í samræmi við þróunarmarkmið í samstarfslandinu,
- c. verkefnið sé í samræmi við áætlanir og þarfir samstarfslandsins,
- d. verkefnið hafi mælanleg þróunaráhrif.

Eftirtaldir úthlutunarskilmálar um styrkveitingar til fyrirtækja gilda einnig skv. reglum þessum:

- a. Verkefni skulu fela í sér skýrt viðbótargildi (e. additionality), þ.e. samstarfsverkefni sem ekki kæmu til framkvæmda eða fjármögnunar á venjulegum markaðsforsendum,
 - b. í samræmi við verklagsreglur þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD-DAC) um opinber framlög til þróunarsamvinnu, getur bein aðstoð við hefðbundinn útflutning á vörum og þjónustu og/eða markaðssetningu (e. primarily commercial objectives) ekki talist vera þróunarsamvinna og er því ekki styrkhæf,
 - c. verkefni mega ekki leiða til ótilhlýðilegrar röskunar á samkeppni,
 - d. ekki skal fjármagna verkefni sem eru á útilokunarlista evrópsku þróunarfjármögnunarstofnananna (e. EDFI),
 - e. tryggja skal eftir því sem við á fylgni við ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins.
- Unnt er að skilgreina nánari skilmála í verklagsreglum sem gilda um hverja úthlutun.

7. gr.

Mótframlög og fjármögnunarhlutfall.

Gerð er krafa um mótframlag til þeirra verkefna sem sótt er um styrk fyrir. Mótframlag má ekki greiða með opinberum styrkjum, hvorki íslenskum né erlendum. Er hlutfall mótframlaga sem hér segir:

- a. vegna þróunarsamvinnuverkefna fyrirtækja er að lágmarki gerð krafa um 50% mótframlag,
- b. vegna þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka er að lágmarki gerð krafa um 20% mótframlag,
- c. vegna mannúðarverkefna félagasamtaka er að lágmarki gerð krafa um 5% mótframlag,
- d. vegna kynningarverkefna og fræðsluverkefna er að lágmarki gerð krafa um 20% mótframlag.

Unnt er að skilgreina nánar hvernig mótframlögum og fjármögnunarhlutfalli skuli háttáð í verklagsreglum sem gilda um hverja úthlutun.

8. gr.

Styrkfjárhæðir og tímarammi verkefna.

Tímabil styrkveitingar til félagasamtaka getur numið allt að fjórum árum fyrir þróunarsamvinnuverkefni en einu ári fyrir önnur verkefni. Styrkir til nýliðaverkefna eru veittir til eins árs og nema að hámarki 4 milljónum króna. Ekki er skilgreind hámarksupphæð fyrir styrki til þróunarsamvinnu á vegum félagasamtaka nema hún sé sérstaklega tilgreind í auglýsingu.

Styrkveitingar til fyrirtækja nema að hámarki 200.000 evrum yfir þriggja ára tímabil. Forkönnunarstyrkir til fyrirtækja eru veittir til eins árs og nema að hámarki 2 milljónum króna. Tryggja þarf fylgni við ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins eftir því sem við á og hafi styrkþegi hlotið ríkisstyrk, annars staðar frá, getur veittur styrkur lækkað sem því nemur.

9. gr.

Mat á umsóknum.

Umsóknir skulu metnar og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða sem eru birt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Gæðaviðmið byggjast á stefnu Íslands um alþjóðlega þróunar-

samvinnu og sýna hlutfallslegt vægi matsþátta og taka mið af tilgangi stuðnings utanríkisráðuneytisins við verkefni félagasamtaka og fyrirtækja.

10. gr.

Matshópar.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra úthlutar styrkjum til þróunarsamvinnuverkefna að fengnu álitni matshópa sem skipaðir eru þremur sérfræðingum, eftir því sem við á. Skipun matshópa er í höndum ráðherra. Matshópar gera tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Sérhverri umsókn skal fylgja stutt umsögn ásamt tillögu um afgreiðslu hennar.

Matshópar geta óskað eftir frekari upplýsingum frá umsækjendum ef þörf er á, einnig er matshópum heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsókna.

11. gr.

Úthlutunarsamningur.

Gera skal skriflegan samning um framlag á grundvelli úthlutunarskilmála, sbr. 6. gr., þar sem tryggð er fullnægjandi skýrslugjöf um framvindu verkefnisins og reikningsskil. Sé framlagið til lengri tíma en sem nemur einu fjárlagaári skal í samningi koma fram skýr og bindandi fyrirvari um að áframhaldandi fjárstuðningur við verkefnið sé háður viðunandi framgangi verkefnis og því að fyrir hendi verði fjárheimildir í fjárlögum þeirra ára sem samningur tekur til. Ef breytingar verða á skiptingu fjárveitinga innan málaflökks skv. ákvörðun ráðherra skulu samningsaðilar finna leiðir til að aðlaga verkáætlanir að breyttri fjárveitingu.

Hefjist verkefni ekki innan árs frá því að tilkynnt er um styrkveitingu fellur styrkur niður; nema sérstaklega sé sótt um frest og hann veittur. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Utanríkisráðuneytið birtir upplýsingar um nöfn styrkþega, einstök verkefni og upphæðir styrkja á vef Stjórnarráðsins. Utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að birta upplýsingar um verkefnið í kynningar- og fræðsluskyni.

III. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

12. gr.

Framkvæmd og eftirlit.

Framkvæmd styrkts verkefnis er á byrgð styrkþega og samstarfsaðila hans. Styrkþegum er skylt að kynna utanríkisráðuneyti eða Ríkisendurskoðun stöðu verkefnis sé þess óskað. Eftirlit er á hendi alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins og skulu ráðuneytið og Ríkisendurskoðun hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum til að endurskoða fjárreiður og framgang verkefnis.

Fyrirtækjum er skylt að stofna sérstakan bankareikning fyrir styrkveitingu ráðuneytisins. Styrkir úr sjóðnum skulu einungis greiddir í tengslum við raunkostnað fyrirtækja eða samstarfsaðila vegna einstakra verkefna. Ráðuneytinu er heimilt að setja þak á taxa vegna vinnuframlags og aðkeyptrar þjónustu og skal slíkt tilgreint í samningi.

Styrkþegi skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja hvers konar spillingu í tengslum við nýtingu fjármuna, sem og misbeitingu valds við framkvæmd verkefna. Ráðuneytinu er heimilt að stöðva greiðslu styrkveitinga og krefjast endurgreiðslu skili ábyrgðaraðili verkefnis ekki inn framvinduskýrslum, miklar breytingar verða á verkefni, eða vakni grunur um að fé sé ekki nýtt í samræmi við verkefnaskjal og fjárhagsáætlun. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að stöðva greiðslu styrkja og krefjast endurgreiðslu vakni grunur um spillingu eða misbeitingu valds í tengslum við framkvæmd verkefnis af hálfu eða í garð þeirra sem að verkefninu koma. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leggja fram gögn máli sínu til stuðnings.

Styrkþegar skulu hafa í starfsemi sinni og gera kröfu um að samstarfsaðilar sínir hafi, eða komi sér upp, verkferlum eða viðbragðskerfum fyrir viðtakendur aðstoðar til að bregðast við ábendingum um misnotkun eða misbeitingu valds.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður þess með skriflegri skýrslu.

13. gr.

Fjármálastjórnun.

Styrkþegar eru ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar þeirra á vettvangi fylgi viðeigandi stöðlum varðandi bókhald og fjármálastjórn. Styrkþegar eru jafnframt ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar hafi fullnægjandi getu og hæfni á þessu sviði. Kaup á vörum, vinnu og þjónustu skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilavenjur og góðar innkaupavenjur. Styrkþegar skulu viðhafa góða stjórnarhætti og sýna ráðdeild við nýtingu styrksins.

Styrkþegar skulu setja stefnu um afstöðu sína og ráðstafanir gegn spillingu og siðareglur varðandi meðferð fjár. Styrkfé má aldrei renna beint til opinberra starfsmanna, íslenskra eða erlendra ríkja, í því skyni að greiða fyrir framgangi verkefnis sem sótt er um styrk fyrir. Styrkþegar eru jafnframt ábyrgir fyrir því að þjálfra og upplýsa samstarfsaðila sína um stefnu, siðareglur og aðra slíka staðla sem samstarfsaðilar þurfa að fara eftir. Styrkþegum er skylt að setja inn ákvæði um afstöðu og ráðstafanir gegn spillingu í þá samninga sem þeir gera við verktaka og undirverktaka.

Styrkþegar skulu án tafar upplýsa ráðuneytið skriflega um ólögættar gjörðir, spillingu eða misnotkun fjár sem styrkþegar komast á snodir um eða þeim hefur verið bent á, hvort sem slíkt á sér stað innan samtaka styrkþega sjálfra eða samstarfsaðila þeirra. Styrkþegar skulu rannsaka og ef nauðsyn ber til, gripa til ráðstafana gegn einstaklingum sem verða uppvísir að spillingu eða misnotkun fjár. Slíkar ráðstafanir geta til dæmis verið lögsókn, kæra til lögreglu, kvörtun, tilkynning til eftirlitsaðila eða brottvísun úr starfi. Styrkþegar upplýsa ráðuneytið um ráðstafanir sem gripið er til, framvindu úttekta og rannsókna, og láta ráðuneytinu í té lokaskýrslu þegar slíku ferli er lokið.

Vannýttar styrkuppghæðir skulu endurgreiddar ráðuneytinu að verkefni loknu.

14. gr.

Framvinduskýrslur verkefna.

Framvinduskýrslur eru skrifaðar af framkvæmdaaðilum. Þar er framgangur verkefnis miðað við verkáætlun reifaður og frávik skýrð. Skýrslurnar skulu vera einfaldar, skýrar og skorinorðar og byggjast á þeim árangursramma sem settur var fram í verkefnaskjali. Framvinduskýrslur skulu m.a. innihalda upplýsingar um aðföng og útgjöld, sem og vöktun verkefna, og byggjast á árangursvísium sem settir eru fram í styrkumsókn.

Framvinduskýrslum vegna langtímaverkefna skal skila á að minnsta kosti hálfis árs fresti allt til verklok. Jafnframt skal skila ársskýrslum fyrir öll verkefni. Greina skal tafarlaust frá aðstæðum sem torvela framkvæmd verkefna. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá styrkþega um vöktun og stöðu verkefna.

15. gr.

Lokaskýrsla verkefnis.

Í lokaskýrslu skal gerð grein fyrir aðföngum og útgjöldum verkefnis, auk þess sem greint skal frá framvindu þess yfir verkefnistímamann. Koma skal fram hvort og hvernig þau markmið sem sett voru með verkefninu hafi náðst og mat lagt á áhrif þeirra. Skila skal lokaskýrslu til ráðuneytisins að öllu jöfnu eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok. Lokaskýrslu vegna langtímaþróunarverkefna á vegum félagasamtaka skal skila eigi síðar en sex mánuðum eftir verklok.

16. gr.

Greinargerð ráðherra um framlög.

Ráðherra gerir grein fyrir fyrirhuguðum útgjöldum vegna framlaga í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, sbr. 19. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og í árskýrslu sinni skv. 62. gr. sömu laga.

17. gr.
Úttektir.

Óháð ytri úttekt á styrkveitingum til félagasamtaka og fyrirtækja og árangur verkefna þeirra skal að jafnaði fara fram á þriggja ára fresti.

18. gr.
Lagagrundvöllur og gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru með vísan til 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, sbr. 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og á grundvelli 10. gr., sbr. 6. og 8. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 21. október 2020.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.